



Reykjavík, 4. mars 1997.

Alþingi

Erindi nr. Þ 121/995

komudagur 5/3 1997

Allsherjarnefnd Alþingis,
Berist til Sólveigar Pétursdóttur, formanns,
Þórshamri við Templarasund,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 5. febrúar sl. óskar allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Lánasýslu ríkisins um frumvarp til laga um sammingsveð, 234. mál.

Lánasýslan gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp eins og það liggur nú fyrir, og telur réttarbót að ákvæðum 4. mgr. 3. gr. um að óheimilt verði að skilja hin tilteknu réttindi frá viðkomandi fjárverðmæti nema með samþykki veðhafa.

Þetta er mjög eðlileg leið til þess að eyða óvissu sem lánveitendur, sem tryggt hafa lán sín í fjárverðmætinu, þurftu að sæta. Þetta á m.a. einnig við um seljendur skipa sem tryggja söluverðið með veði í hinu selda fiskiskipi.

Lánasýslan telur löngu tímabært að frumvarpið um sammingsveð fái afgreiðslu á Alþingi. Ýmis ákvæði í núgildandi íslenskum veðrétti hafa verið til vandræða þegar tryggja hefur þurft hagsmuni íslenska ríkisins vegna fjármuna sem veitt hefur verið til atvinnu- eða þróunarverkefna. Atvinnugreinum hefur verið mismunað og veðsetningaheimildir í litlu samræmi við þróun og þarfir atvinnulífsins.

Lánasýslan telur að með þessu frumvarpi sé verið að færa löggjöf um sammingsveð nær viðskipta- og atvinnuháttum nútímans og mælir með samþykkt þess.

Virðingarfyllt,
LÁNASÝSLA RÍKISINS